



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



Verklags- og úthlutunarreglur við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða 2021

1. Tilgangur

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Vestfjörðum og veita stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa fer með umsýslu Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða í umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga.

2. Samkeppnissjóður

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður þar sem gæði verkefna og fagmennska við gerð umsókna eru lögð til grundvallar við úthlutun. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skilyrðum sem birtast í þessum reglum.

3. Fagráð og úthlutunarnefnd

Á Fjórðungspingi skal kjósa fimm manna úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs.

Úthlutunarnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá norðanverðum Vestfjörðum, sunnanverðum Vestfjörðum, Ströndum og Reykhólahreppi og tveimur fulltrúum utan Vestfjarða. Nefndin velur sér formann. Að auki skulu kosin tvö fjögurra manna fagráð, annars vegar fagráð menningar og hins vegar fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Í hvoru fagráði skal sitja einn fulltrúi frá hverju framangreindra svæða á Vestfjörðum og einn utan Vestfjarða. Hvort fagráð skal velja sér formann.

Hlutverk fagráða er að fara yfir umsóknir og leggja til hvaða verkefni skuli styrkt á grundvelli faglegs mats. Niðurstöður fagráða skulu síðan lagðar fyrir úthlutunarnefnd sem endanlega ákvarðar styrkuppþæðir og skulu þær vera innan fjárhagsramma sem stjórn ákveður.

Þeir sem sitja í fagráðum og úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja af fundi ef aðstæður draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Úthlutunarnefnd skal strax í lok vinnu sinnar skila greinargerð til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þar sem m.a. er gert grein fyrir málsmeðferð og að farið hafi verið eftir reglum um vanhæfi.

4. Umsækjendur

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir á Vestfjörðum¹. Umsækjendur skulu hafa íslenska kennitölu. Heimilt er að styrkja verkefni sem framkvæmd eru í fjórðungnum og unnin að hluta eða öllu leyti í samvinnu við vestfirska aðila, þótt aðalumsækjandi sé búsettur utan svæðis.

Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðilar í umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki. Slíkir aðilar geta þó sótt um verkefnisstyrki úr Uppbyggingarsjóði enda sé í þeim verkefnum fólgið nýnæmi, samvinna milli stofnana eða milli atvinnugreina.

Sveitarfélög eða rekstraraðilar félagsheimila og menningarhúsa geta sótt um styrki til einstakra verkefna eða röð viðburða í viðkomandi húsum.

Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana skulu vera lögaðilar.

5. Framkvæmd

Á árinu 2021 verður ein aðalúthlutun, með umsóknarfresti til og með 12. nóvember 2020. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal ákvarða fjárhagsramma úthlutunar og skilgreina fyrir úthlutun ársins hvaða hlutfall heildarfjárhæðar skuli renna til stofn- og rekstrarstyrkja, menningarverkefna og atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna.

Starfsmenn Vestfjarðastofu sjá um að auglýsa eftir umsóknum, taka við umsóknum og ganga frá þeim í hendur fagraða. Þeir sjá um undirbúningsvinnu, boða og sitja fundi fagraða og úthlutunarnefnda með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Að úthlutun lokinni sjá þeir um samskipti við styrkþega, s.s. gerð samninga, útborgun styrkja og eftirfylgni.

6. Auglýsingar

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á vef Vestfjarðastofu og í vestfirskum vefmiðlum, auk þess sem auglýst verði með dreifibréfi inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum, sé þess kostur.

7. Umsóknir

Umsóknum skal skila á rafrænu formi. Á vef Vestfjarðastofu er hlekkur á innskráningarsíðuna. Slóðin er www.vestfirdir.is/uppbyggingarsjodur

Mælt er með að umsóknin sé gerð í ritvinnsluforriti áður en hún er flutt yfir í rafrænt form.

a) Umsækjendur þurfa að hafa skilað loka- eða framvinduskýrslum vegna fyrri styrkja, áður en sótt er um styrk til framhaldsverkefnis.

b) Umsóknir eru metnar með faglegum hætti út frá trúverðugleika og gæðum umsókna og verkefna, afrakstri þeirra og áhrifum á atvinnuþróun, nýsköpun, mannauð og menningar- og mannlíf í fjórðungnum.

c) Heimilt er að sækja um framlag til allt að fjögurra ára, enda sé styrkuppþæð hærri en 1,5 milljón kr. árlega.

d) Styrkir úr Uppbyggingarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

¹ Þann 1. janúar 2020 var starfsvæði Fjórðungssambandsins Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar.

e) Launakostnaður umsækjenda skal miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum samkvæmt almennum kjarasamningum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launakostnaðar í umsóknum. Hámarkstímakaup í útreikningi eigin vinnuframlags skal þannig vera 4.500 kr./klst².

8. Styrkhæf verkefni

a) Styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði þurfa að falla að markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.

b) Uppbyggingarsjóður styrkir verkefni sem stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auðgar menningarlíf og nýsköpun á Vestfjörðum.

c) Styrkirnir eru þrennskonar: Verkefnastyrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar, verkefnastyrkir á sviði menningar og stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana

Styrkhæf verkefni teljast t.d.:

- Úrvinnsla og miðlun á rannsóknarniðurstöðum
- Menningartengdar hátíðir
- Uppbygging ungmennastarfs á Vestfjörðum
- Umhverfistengd verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi
- Nýsköpun
- Menntunartengd verkefni sem auka samstarf á milli skóla
- Menningarviðburðir
- Atvinnuþróun
- Gerð viðskiptaáætlana
- Gerð markaðsáætlana
- Innleiðing hönnunar í vöruþróun
- Þróun verkferla

9. Uppbyggingarsjóður fjármagnar ekki:

a) Fjárfestingar í fyrirtækjum, kaup á lóðum eða húsnæði.

b) Kaup á tölum eða almennan skrifstofubúnaði, nema um stofn- og rekstrarstyrk sé að ræða.

c) Skráningu menningarminja eða forvörslu safngripa.

d) Hefðbundnar bæjarhátíðir, hefðbundna starfsemi íþróttafélaga, hefðbundið safnaðarstarf eða hefðbundið menningarstarf innan skóla.

e) Styrki sem eingöngu renna til rannsóknarverkefna, frekar er litið til verkefna sem snúast um hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna eða miðlunar á afrakstri rannsókna.

f) Kostnaðarliði sem fallið hafa til fyrir 1. janúar 2021.

c) Verkefni eða aðila sem þiggja meira en 200 þúsund evrur í stuðning frá opinberum aðilum yfir hvert þriggja ára tímabil þarf að fylgja umsókn, samanber 3 gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013.

² Miðað er við meðaltalstímakaup úr flokkum B5 og C5 í reiknuðu endurgjaldi RSK. Tímakaup er fundið með því að deila í mánaðarkaup með 167,94.

10. Áherslur

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðapjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Við úthlutun til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna verður sérstaklega litið til:

- Verkefna sem auka hagnýtingu á stafrænni tækni
- Verkefna sem stuðla að vöruþróun, nýsköpun eða innleiðingu hönnunar í starfandi fyrirtækjum.
- Verkefni sem efla umhverfisvæna ímynd Vestfjarða, stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum
- Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði.

Við úthlutun til menningarverkefna verður sérstaklega litið til:

- Verkefna sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum.
- Verkefna sem skapa störf innan skapandi greina.
- Verkefna sem efla menningarlega fjölbreytni.

11. Samningur

Vestfjarðastofa³ og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, réttindi og skyldur aðila, tímaramma, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Vestfjarðastofu upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og aðgang að bókhaldsgögnum þegar og ef eftir því er leitað.

12. Greiðslur styrkja

Styrkir sem eru 1,5 milljón króna eða lægri:

- Greiða má styrkinn í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, allt að 50%, er greiddur við upphaf verkefnis þegar styrkhafi hefur staðfest að vinnan sé hafin. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefni er lokið, styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu ásamt umbeðnum gögnum og lokaskýrsla verið samþykkt.

Styrkir sem eru hærri en 1,5 milljón króna:

Styrkir til eins árs

- Þegar styrkhafi hefur staðfest að verkefni sé hafið greiðast 40% samningsupphæðar. Næstu 40% styrkupphæðar greiðast við skil á framvinduskýrslu. Síðustu 20% greiðast þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu að verkefni loknu.

Styrkir til fleiri en eins árs

- Fyrsta ár: Þegar styrkhafi hefur staðfest að verkefni sé hafið greiðast 40% samningsupphæðar. Næstu 40% styrkupphæðar greiðast við skil á framvinduskýrslu. Síðustu 20% greiðast ásamt fyrstu greiðslu annars árs.

³ í umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga

Næstu ár: Fyrstu 40% hvers árs eftir fyrsta ár greiðast þegar styrkhafi hefur skilað skýrslu um framvindu verkefnis á árinu. Önnur greiðsla, næstu 40% af greiðslu ársins, greiðast eftir skil á framvinduskýrslu ársins á undan. Síðustu 20% greiðast ásamt fyrstu greiðslu næsta árs.

Síðasta ár: Fyrri tvær greiðslur ársins, 40% og 40%, greiðast eins og árið á undan. Lokagreiðsla, 20%, greiðast við skil á lokaskýrslu. Henni skal skilað eigi síðar en tveim mánuðum eftir verkefnalok nema um annað sé samið.

d) Ef ekkert verður af verkefni sem fær styrkvilyrði fellur styrkurinn frá Uppbyggingarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefni þarf að sækja um frest skriflega til Uppbyggingarsjóðs, ella er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.

e) Miðað er við að verkefni komi til framkvæmda innan árs frá úthlutun. Skila þarf framvinduskýrslu og formlegri beiðni um frestun ef óskað er eftir að sá tímarammi sé lengdur. Að öðrum kosti má styrkþegi búast við að styrkur verði felldur niður.

f) Í öllum tilfellum er heimilt að sameina greiðslur hafi skilyrðum beggja greiðslna verið fullnægt.

g) Samningar og greiðslur miðast við almanaksár.

13. Úthlutun

a) Umsækjendur skulu fá upplýsingar um styrkúthlutun innan tveggja vikna frá úthlutun. Starfsmenn Vestfjarðastofu senda styrkhöfum leiðbeiningar um samningagerð og greiðslur styrkja. Hafi styrkþegar ekki sett sig í samband við starfsfólk Vestfjarðastofu innan 45 daga frá útsendingu niðurstaðna fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður án frekari viðvörunar.

b) Hægt er að sækja um rökstuðning fyrir höfnun styrkumsóknar á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar í allt að tvær vikur frá útsendingu niðurstaðna. Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnáslulaga, nr. 37/1993, ber stjórnvaldi ekki að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutun styrkja á sviði lista, menningar eða vísinda.

14. Trúnaður

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra. Fagráð og úthlutunarnefnd skulu undirrita skjal þar að lútandi.

15. Ábyrgð og yfirlýsing umsækjanda

a) Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins, framkvæmd þess og afrakstri.

b) Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega og styrkuppþæð, heiti verkefnis og stutt lýsing á því. Með því að senda inn umsókn veitir umsækjandi samþykki sitt fyrir því.

16. Endurskoðun

Verklags- og úthlutunarreglur þessar skal endurskoða árlega, áður en auglýst er að nýju eftir styrkumsóknum til Uppbyggingarsjóðs.

*Þannig samþykkt á fundi stjórnar
Fjórðungssambands Vestfirðinga
þann 17. mars 2021.*